



# Hluthafafundur VÍS

17. janúar 2024



# Tillaga um samþykki fyrir yfirfærslu váttryggingastofns í dótturfélag


Stefán Héðinn Stefánsson, formaður stjórnar



# Undirbúningur færslu tryggingarekstrar



- Á síðasta hluthafafundi félagsins þann 14. júní 2023 voru samþykktar breytingar á tilgangssákvæði í samþykktum félagsins þar sem **tilgangur félagsins var útvíkkaður** með hliðsjón af þeim áherslubreytingum sem hafa átt sér stað hjá félaginu.
- Í greinargerð stjórnar með fyrirnefndum breytingum á samþykktum og kynningu á umræddum hluthafafundi félagsins kom fram að **skoðaður hefði verið fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins yrði færð í dótturfélag**.
- Að undangengnu samþykki hluthafafundar og viðeigandi samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands er fyrirhugað að **tryggingareksturinn verði færður í dótturfélagið VÍS tryggingar hf.**
- **Kaupsamningur um tryggingastarfsemi félagsins hefur nú verið undirritaður við VÍS tryggingar**, en sá samningur er með fyrirvara um samþykki hluthafafundar félagsins fyrir yfirfærslu á váttryggingastofni og váttryggingastarfsemi í dótturfélag.




Úr greinargerð stjórnar VÍS fyrir hluthafafund 14. júní 2023:

„M.a. hefur verið skoðaður fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins verði færð í dótturfélag. Líkt og fram kemur í þeirri kynningu sem fylgir fundarboði og tillögum þessum er horft til þess að slíkt skref verði tekið á síðari tímapunkti, en slík færsla er háð sérstakri ákvörðun stjórnar og verður borin undir hluthafa á hluthafafundi ef til þess kemur.“

# Framtíðarskipulag samstæðu




## Fyrsta skref



Frágengið  
2.10.2023

## Framtíðarskipulag



Stefnt er að því að framtíðarskipulagið raungerist  
á árinu 2024

- Framtíðarskipulag samstæðu býður uppá samkeppnisforskot til framtíðar.
  - Betri aðgreining á rekstri félaga innan samstæðu.
  - Skýrari afmörkun áhættu.
  - Skýrari ráðstöfun fjármagns.
  - Meiri agi og fókus á rekstrareiningar.
  - Aukna möguleika til fjármögnunar samstæðu og ráðstöfun fjármagns innan hennar með það að leiðarljósi að hámarka arðsemi.
  - Frekari tækifæri til samlegðar.
- Móðurfélag samstæðunnar mun lúta tilteknum lagalegum skilgreiningum sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun tilkynna félaginu í tengslum við veitingu heimildar til færslu tryggingarekstrar í dótturfélag.
- Félagið mun í því samhengi þurfa að uppfylla tilgreindar kröfur til samstæðueftirlits og gæða stjórnkerfis.

# Tillaga um samþykki fyrir yfirfærslu váttryggingastofns í dótturfélag

Haraldur Þórðarson, forstjóri samstæðu





# Sameining til sóknar



## Sameining VÍS og Fossa

- Með sameiningu VÍS og Fossa varð til framsækið fyrirtæki á fjármálamarkaði sem stefnir á frekari vöxt á sviði trygginga, fjárfestingabankastarfsemi og eignastýringar.
- Þetta er sameining til sóknar, en félögin njóta góðs af því að vera í samstæðu og styðja þar við daglegan rekstur og vöxt hvors annars.
- Áherslan er lögð á arðbæran vöxt til lengri tíma.

## Áherslur samþættingar

- Að vera með skýrt og skilvirkt ferli utan um samþættinguna til þess að hámarka árangur.
- Samþættingarferlið miðar að því að ná fram viðvarandi ávinningi af sameiningu félaganna með áherslu á vöxt og hagræði.
- Stefnumarkandi mælikvarðar nýttir til þess að ná markmiðum í rekstrar- og fjárhagsafkomu.
- Áframhaldandi áhersla á framúrskarandi þjónustu og langtíma viðskiptasambönd í gegnum umbreytingarferlið.

## Væntur afrakstur sameiningar


- Tekjuvöxtur í gegnum breiðara vöruframboð, viðskiptatengsl og krossölu.
- Kostnaðarsamlegð í gegnum samnýtingu innviða, þekkingar og þjónustu.
- Einstakt tækifæri til þess að fylla upp í eyðu á markaðnum með því að staðsetja félagið milli bankanna og sértækra fjármálafyrirtækja.
- Sterkara samkeppnisforskot með dreifðum tekjustoðum og skalanlegu viðskiptamódeli.

## Framtíðarsýn

- Áherslan á öflugt og sveigjanlegt rekstrarfyrirkomulag þar sem viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti.
- Grípa tækifæri til innri og ytri vaxtar á íslenskum fjármálamarkaði með áherslu á arðbæran vöxt.
- Hámarka virði hluthafa með stefnumarkandi aðgerðum og frumkvæði á markaði.
- Byggja upp framsækna og árangursdrifna fyrirtækjamenningu.

# Yfirlit yfir samþættingu

Föngum virðið og skilgreinum framtíðarfyrirkomulag.



# Framtíðarsýn og markmið



## Móðurfélag

Hagræði, krosssala og viðskiptaþróun

## Tryggingar



Skaðatryggingar  
Persónutryggingar  
Ráðgjöf

## Fjárfestingarbanki



FOSSAR

Miðlun  
Fyrirtækjaráðgjöf  
Einkabanki  
Eigin viðskipti  
Fjárfestingarbanki

## Eignastýring



SIV EIGNASTÝRING

Eignastýring  
Sjóðastýring

Öflugar rekstrareiningar með skýra sérstöðu

## Rekstrarmarkmið

- innan þriggja ára

Tekjur  
> 36.000 m.kr.

Eignir í stýringu  
> 250 ma.kr.

Hagnaður á hlut  
> 2,5 kr.



# Tillaga um samþykki fyrir yfirfærslu vátryggingastofns í dótturfélag



Stjórn félagsins leggur til að samþykkt verði að vátryggingastofn og vátryggingastarfsemi félagsins verði færð yfir í dótturfélag félagsins, VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470.

***Greinargerð með tillögu:** Á síðasta hluthafafundi félagsins þann 14. júní 2023 voru samþykktar breytingar á tilgangssákvæði í samþykktum félagsins þar sem tilgangur félagsins var útvíkkaður með hliðsjón af þeim áherslubreytingum sem hafa átt sér stað hjá félaginu. Í greinargerð stjórnar með fyrrnefndum þeim breytingum á samþykktum og kynningu á umræddum hluthafafundi félagsins kom fram að skoðaður hefði verið fýsileiki þess að tryggingastarfsemi félagsins yrði færð í dótturfélag. Lagt var upp með að slíkt skref yrði tekið á síðari tímapunkti, en slík færsla væri háð sérstakri ákvörðun stjórnar og yrði borin undir hluthafa á hluthafafundi ef til þess kæmi. Nú þegar vinnu við undirbúning færslu tryggingarekstrar í samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa er að fullu lokið hefur stjórn nú ákveðið að leggja til við hluthafa tillögu um yfirfærslu vátryggingastofns tryggingarekstrarins í dótturfélag. Að undangengnu samþykki hluthafafundar og viðeigandi samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður tryggingareksturinn færður í dótturfélagið VÍS tryggingar hf. (VÍS tryggingar). Félagið hefur nú þegar undirritað kaupsamning við VÍS tryggingar um tryggingastarfsemi félagsins, en sá samningur er með fyrirvara um samþykki hluthafafundar félagsins fyrir yfirfærslu á vátryggingastofni og vátryggingastarfsemi í dótturfélag.*



FOSSAR

